

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 221/1992. **Helga Ingólfssdóttir vegna
ólögráða sonar síns,
Páls Helga Arnarsonar,
gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur og
félagsmálaráðherra vegna meðferðar-
heimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.**

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gardar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 18. f.m. skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Seltjarnarness, sem kveðinn var upp 15. sama mánaðar, í bæjarþingsmáli nr. 605/1991, en í því er sóknaraðili meðalgöngustefnandi, sbr. dóm Hæstaréttar frá 8. janúar sl. í máli nr. 504/1991. Kæruheimild er í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 20. f.m.

Sóknaraðili krefst þess, að Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari víki sæti í málinu.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi lögmanns sóknaraðila, Tómasar Gunnarsonar hæstaréttarlögmanns.

Varnaraðilinn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Hinn kærði úrskurður er án forsendna, svo sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988. Úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari vikur eigi sæti í máli þessu.“

Héraðsdómari hefur í samræmi við nefnt lagaákvæði sent Hæsta-
rétti forsendur og rök fyrir úrskurðinum, er þannig hljóða:

„Dómarinn telur, að af hálfu meðalgöngustefndu hafi ... ekki verið færð fyrir því haldbær rök, að nokkrar athafnir dómara við rekstur þessa máls valdi því, að hann teljist vanhæfur til að fara með það eða að hætta sé á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Af þessum sökum er krafa um, að dómari víki sæti, ekki tekin til greina.“

Rökstuðningur sóknaraðila fyrir kröfum í kærumálinu er í fimm liðum og að meginefni til svo sem nú verður rakið:

1. Hinn 30. apríl sl. var aðal- og varakröfu stefnenda í bæjar-
þingsmálinu nr. 605/1991 vísað frá dómi, en eftir stendur þrauta-
varakrafa þeirra. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að dóms-
orð í þessum dómi sé rangt, en héraðsdómari hafi ekki orðið við
áþendingu sinni um leiðréttingu á því. Hann hafi í þess stað kannað
viðhorf annarra lögmannna málsins til þessa og farið eftir afstöðu
lögmanns stefnenda, þegar hún lá fyrir.

2. Lögmaður sóknaraðila krafðist opinberrar rannsóknar á því,
sem hann nefnir óréttmæta og ólögmæta gagnaöflun stefnenda í
málinu. Fór hann af því tilefni fram á, að aðalflutningi málsins yrði
frestað, uns afstaða ákærvalds til þessarar kröfu lægi fyrir. Frest-
beiðni var mótmælt, og var synjað um frest með úrskurði 8. maí
sl. Lögmaður sóknaraðila telur, að með synjun frests, eins og á
stóð, hafi héraðsdómari mismunað aðilum málsins gróflega.

3. Lögmaður sóknaraðila bendir á, að í þinghaldi 6. maí sl. hafi
komið fram, að fleiri en stefnendur stæðu að höfðun málsins,
raunar eigendur að minnsta kosti þrettán húsa á Seltjarnarnesi, og
tækju þeir jafnframt þátt í kostnaði af rekstri málsins. Þær upplýs-
ingar gefi til kynna, að brotið hafi verið gróflega gegn ákvæðum
88. gr. laga nr. 85/1936, að því er varðar atriði, sem greina skuli
í stefnu. Með þessu hafi því að nokkru verið leynt, hverjir að mála-
rekstrinum standi. Óskum lögmanns sóknaraðila um efnislega um-
fjöllun þessa og frávisun málsins hafi héraðsdómari ekki sinnt.

4. Vísað er til þess, að 19. maí sl. hafi verið þingfest í málinu
meðalgöngusök, er Umsjónarfélag einhverfra höfðaði. Lögmaður
sóknaraðila heldur því fram, að fresta hefði átt málinu, uns fengin
var niðurstaða um það, hvort meðalgöngusök þessi fengi komist að

í því. Héraðsdómari hafi ekki tekið tillit til þessa gagnstætt því, er hann gerði við höfðun fyrri meðalgöngusaka í málinu, en ákveðið aðalflutning í málinu 19. sama mánaðar.

5. Lögmaður sóknaraðila vísar til úrskurðar og dóms, sem kveðnir voru upp í málinu í þinghaldi 21. apríl sl. Var í úrskurðinum fjallað um frávísunarkröfu sóknaraðila, er tók til allra krafna stefnenda, og henni hafnað. Í dóminum var hins vegar fjallað um frávísunarkröfu varnaraðila félagsmálaráðuneytisins, er einungis tók til aðal- og varakröfu stefnenda. Var þeim vísað frá dómi. Því er haldið fram, að það sé andstætt „gildri réttarfarsframkvæmd“ að kveða upp dóm og úrskurð samtímis í sama máli og byggða á sama málflutningi. Heldur sóknaraðili því fram, að tilgangur héraðsdómara með þessari málsmeðferð hafi verið sá einn að víkja sér undan því að fjalla efnislega um veigamiklar málsástæður sóknaraðila.

Lögmaður sóknaraðila heldur því fram, að það, sem að framan er rakið, staðfesti, að héraðsdómari hafi í veigamiklum atriðum brotið venjubundnar reglur réttarfars um málsmeðferð. Þetta valdi því, að hann geti ekki við framhald málsins „komið fram og verið metinn sem kunnáttusamur og óhlutdrægur dómari í málinu“. Beri honum því að víkja sæti, sbr. ákvæði 37. gr. og lokaákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir reisa kröfu sína um staðfestingu hins kærða úrskurðar á því, að engin haldbær rök hafi komið fram fyrir kröfu sóknaraðila í kærumálinu, og sé krafan sýnilega tilefnislaus. Verði að ætla, að hún sé ekki til annars gerð en tefja rekstur málsins og koma í veg fyrir þegar ákveðinn aðalflutning þess 19. maí.

Varnaraðilinn félagsmálaráðherra reisir kröfu sína í kærumálinu á því, að krafa sóknaraðila eigi ekki við nein rök að styðjast.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að eigi hafi komið fram haldbær rök fyrir því, að skilyrði séu til þess samkvæmt áður tilvitnuðum lagaákvæðum, að hann eigi að víkja sæti í málinu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Krafa um kærumálskostnað úr hendi lögmans sóknaraðila, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmans, er rökstudd með

skírskotun til 182. gr., sbr. 4. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.
Eigi þykja næg efni til að taka kröfu þessa til greina.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.
